

Undirbúningur starfsloka

Fáein gagnleg ráð í aðdraganda eftirlaunaáranna

Íslenska lífeyriskerfið getur verið svolítill frumskógur. Við hvetjum þó fólk til að bíta á jaxlinn og setja sig vel inn í lífeyrismálin, enda skiptir slík fyrirhyggja miklu varðandi þá möguleika sem okkur bjóðast við starfslok.

Viljum við ekki öll að tekjur okkar skerðist sem minnst við starfslok? Jú, að sjálfsgöðu, og því er vel þess virði að gefa sér tíma til að búa sem best um hnútana.

Sömuleiðis getur reynst vel að þekkja þær reglur sem gilda um ólíkar hliðar lífeyriskerfisins, s.s. ef taka á að sér hlutastarf eða leysa inn fjármagnstekjur, í kjölfar þess að eftirlaunataka hefst.

En hvar skal freista inngöngu í frumskóginn?

Hér á eftir svörum við nokkrum einföldum grundvallarspurningum.

Hvenær get ég hafið töku eftirlauna?

Sækja má um greiðslur frá Tryggingastofnun frá 65 til 80 ára aldurs og að jafnaði frá 60 til 80 ára aldurs hjá lífeyrissjóðunum. Þá er viðbótarlífeyrissparnaður almennt laus til úttektar eftir sextugt.

Sum okkar eru í þeirri (eftirsóknarverðu) stöðu að geta dregið úr vinnuhlutfalli áður en eiginleg starfslok verða og sótt um hálfan lífeyri hjá bæði lífeyrissjóðum og TR. Í slíkum tilvikum má ekki gegna meira en hálfu starfi.

Hvað um viðbótarlífeyrissparnaðinn?

Við mælum alltaf með því að fólk sé með viðbótarlífeyrissparnað enda jafngildir hann í raun 2% launahækkun. ([Sjá frekar um viðbótarlífeyrissparnað.](#)) Ráðstöfunartekjur lækka oftast við starfslok og viðbótarlífeyrissparnaður er góð búbot þegar að töku lífeyris kemur. Við mælum jafnframt með því fólk safni viðbótarsparnaði alveg fram að starfslokum, óháð því hvort fólk minnkar starfshlutfallið fyrr eða ekki.

Skerðir viðbótarlífeyrissparnaður lífeyrisgreiðslur?

Meginreglan er nei. Hér er nefnilega um algengan misskilning að ræða; að jafnaði skerðir viðbótarlífeyrissparnaður ekki lífeyrisgreiðslur frá TR. Þetta þýðir með öðrum orðum að ekki þarf að stökkva til og hefja útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar áður en greiðslur frá TR byrja.

Rétt er þó að nefna að sé séreign tekin út á stuttum tíma, ofan á launatekjur, gæti þurft að greiða hátekjuskatt af úttektinni.

Annað, sem vert er að hafa í huga, er að aðrar tegundir séreignar, s.s. tilgreind séreign, frjáls séreign úr skyldu og bundin séreign, skerða ellilífeyrisgreiðslur frá TR. Það fellur utan efnistaka þessarar greinar að gera þeirri gerð séreignar skil.

Get ég treyst kaffispjalli og umræðum á samfélagsmiðlum?

Svarið er einfalt – nei. Gættu ævinlega að því að hafa undir höndum nýjustu upplýsingar sem byggjast á núgildandi fyrirkomulagi og reglum um lífeyrisgreiðslur. Auðvitað er hið besta mál að ræða lífeyrismálin yfir kaffibolla með góðum vinum og eins að fylgjast með samfélagsumræðu í greinaskrifum og á samfélagsmiðlum – en höfum hugfast að þar geta falla fallið orð af vörum og lyklaborðum sem ekki eru 100% rétt. Gættu þess að allar ákvarðanir þínar um lífeyrismál miðist við réttar upplýsingar.

Hvað þarf ég að vita um lífeyrissjóðina?

Í [Lífeyrisgáttinni](#) geturðu nálgast miðlægt yfirlit um nánast öll íslensk lífeyrissréttindi. Rétt er að hafa enn fremur samband við lífeyrissjóði sína og fá svör við þeim spurningum sem brenna á þér. Þær gætu til dæmis lotið að áhrifum þess að flýta eða seinka umsókn, svo að dæmi sé tekið.

Viðmiðunaráldur lífeyristöku er að jafnaði 67 ár. Þú, sem sjóðfélagi, getur þó valið þá dagsetningu sem best hentar þér og ýmist seinkað eða flýtt töku lífeyris. Með því að flýta töku lífeyris verða mánaðarlegar greiðslur lægri en ella. Sumir flýta henni til að greiða niður skuldir, sækja fjármagn í fjárfestingar eða fá aukið svigrúm til að sinna áhugamálum og ferðalögum. Aðrir kjósa að seinka tökunni, t.d. til að draga úr skattgreiðslum. Mánaðarlegar greiðslur hækka eftir því sem sótt er um seinna.

Hvað þarf ég að vita um Tryggingastofnun?

Með vissri einföldun má segja að Tryggingastofnun hafi það hlutverk að jafna tekjur fólks á eftirlaunum. Þetta gerir hún t.d. með því að greiða út ellilífeyri og heimilisuppbót. Eins beitir hún vissum tekjutengdum

skerðingum í því skyni að beina fjármunum frá hinum efnameiri til hinna efnaminni. Nýta má reiknivél stofnunarinnar til að áætla greiðslur. Um 90% Íslendinga yfir 67 ára aldri fá mánaðalegar greiðslur úr kerfinu og því borgar sig að kunna að fóta sig innan þess.

Reiknivél TR

Vonandi kemur þessi greinarstúfur í góðar þarfir við undirbúning starfsloka. Á vefsíðunni okkar má nálgast frekara efni um lífeyrissparnað, viðbótarlífeyrissparnað og önnur skyld mál.